

Ed.

761. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á 3. gr. laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út þriðja flokk (seriu) bankavaxtabréfa.

Hin háttvirta efri deild alþingis hefir falið oss undirrituðum að athuga ofangreint frumvarp og viljum vér hérmeð skýra frá álitum voru á þessa leið:

Við fyrstu umræðu um þetta mál var því hreyft, hverjar ástæður væru til þess, að breyta þeim ákvæðum, er sett voru um þetta efni á síðasta þingi; ástæður þessar eru tvær: Önnur er sú að síðan hafa þeir atburðir orðið, að því er snertir Landsbankann, sem öllum eru kunnir, en sem enginn gat séð fyrir, þegar rætt var á síðasta þingi um heimild til að gefa út 3. flokks bankavaxtabréf; þessir atburðir hafa haft í för með sér mikinn kostnað fyrir bankann. Hin ástæðan er sú, að mikið meiri effirsókn hefir orðið eftir lánnum úr veðdeildinni heldur en gera mátti ráð fyrir í hitt eð fyrra. Þar sem lánin þar áður höfðu að mestu leyti verið fengin út á fasteignaveð, þá hefir síðustu tvö árin verið

óskað eftir mjög miklum lánnum úr veðdeildinni út á ábyrgð sveita- og bæjarfélaga. Fyrir því hefir þurft að leggja fram tryggingarfé fyrir 3. flokki veðdeildarinnar miklu örar en ella; og það er samtals orðið ekki lítið fé, sem bankinn þarf að leggja fram til tryggingar veðdeildinni. Á næstliðnu nýári voru til tryggingar fyrir framhaldi 1. flokks veðdeildarinnar bundin

rikiskuldabréf	kr. 203,100,00
do. fyrir 2. og 3. flokki	— 367,000,00
Bankavaxtabréf til tryggingar 2. og 3. flokki	— 366,900,00
Samtals	kr. 937,000,00

Við þetta biður bankinn eigi að eins þann бага, að þurfa að hafa mikið fé bundið, en hann hefir einnig mikið lægri vexti af tryggingarfénu, heldur en hann mundi annars geta haft, og auðvitað getur hann því minna haft til almennra viðskifta sem meira er bundið af fé hans.

Að því er aftur á móti snertir ástæður landssjóðs, til að leggja fram tryggingarféð, þá mun það vera honum bagalaust, að því er snertir þann helming þsss, sem má vera í bankavaxtabréfum, en aftur mundi hann þurfa að leggja út fé fyrir þær 125 þúsund krónur, sem eftir frumvarpinu er ætlað, að leggja fram í rikisskuldabréfum. Þetta framlag mundi þó eigi þurfa að leggja fram nema smám saman, og að líkindum þarf hvort sem er að sjá landssjóði fyrir svo miklu fé, að það, sem hann þyrfti að leggja fram til tryggingar næsta fjárhagstímabil, mundi ekki verða mjög tilfinnanlegt fyrir hann. Það, hvað vextir af rikisskuldabréfum eru lágir, nemur ekki eins miklu fyrir hann eins og fyrir Landsbankann, sem getur haft hærri vexti af fé sínu. Dagsetning laganna, sem á að breyta, leggjum vér til að bætt sé inn í frumvarpið og fyrirsögn þess.

Vér ráðum því hinni háttv. deild til, að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum.

1. Í fyrirsögninni á eftir »3. gr. laga« bætist inn í: nr. 13. dags. 9. júlí 1909.
2. Í tekstanum á eftir »3. gr. laga« bætist inn í: nr. 13. dags. 9. júlí 1909.

Efri deild aldingis, 25. apríl 1911.

Aug. Flygenring
formaður.

Eiríkur Briem
skrifari og framsögum.

Ari Jónsson.